

Sp.

554. Tillaga til þingsályktunar

[261. mál]

um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Flm.: Steinpór Gestsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd 7 manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu, með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótverkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum til landbúnaðarráðherra fyrir 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Það er hverjum manni ljóst, að tölvuvinnsla gagna hefur nú þegar verið tekin í þjónustu stjórnkerfisins og í sjónmáli er að fleiri og fleiri þættir í samskiptum manna verða að laga sig að lögmálum tölvunnar ef fullt jafnræði á að haldast með starfsgreinum þjóðfélagsins.

Landbúnaðurinn hefur þegar komist í snertingu við þetta kerfi í ýmsum greinum atvinnuvegarins. Forðagæslan hefur verið sett í tölvuvinnslu. Jarðræktin, nautgripæræktin og sauðfjárræktin hafa einnig fengið úrvinnslu sinna gagna í tölvu. Mjólkuríðnaðurinn og afurðasalan yfirleitt hafa nýtt þá vinnslu í æ ríkari mæli.

En eitt er þó það sem veldur erfiðleikum og torveldar fyllstu not þeirrar kerfisbreytingar sem tölvuvinnslan getur valdið, og það er að ekkert samræmt tölvakerfi er til afnota innan landbúnaðarins né til þess að tengja hann miðlun eða móttöku upplýsinga á vegum hinnar almennu stjórnsýslu.

Hverri starfsgrein hættir til að setja sér eigið kerfi til að vinna eftir: Hagstofan hefur sett upp röðun sýslu- og sveitarfélaga sem náð hefur almennri útbreiðslu til mikilla þæginda og flýtisauka við úrvinnslu gagna. Hagstofan hefur einnig byggt upp talnaröð sveitabæja eða jarða, sem hvergi er notuð óbreytt svo okkur sé kunnugt. Fasteignamat ríkisins notar þá röð lítið breytta svo og Stéttarsamband bænda, Forðagæsla B.Í. og jarðræktin. Hins vegar er búfjárræktin utan við þetta kerfi svo og Landnám ríkisins. Slíkt skipulagsleysi veldur töfum og tvíverknaði þar sem fleiri aðilar verða mjög oft að veita upplýsingar um sama efni, en samræming gæti komið í veg fyrir slíka verkleysu.

Hér hefur aðeins verið fjallað um það svið, sem að landbúnaðinum snýr, og þó drepið á nokkra þætti þess og ugglaut fellt eitt og annað niður sem þyrfti að taka með. Rétt er að minna á það einnig, að merkingar búfjár þyrftu nauðsynlega að tengjast þeirri samræmingu og skipulagi einmitt nú þegar ætla má að haldgóðar merkingar stórgripa séu á næsta leiti. Slík samræming er algjör forsenda þess, að tölvunotkun verði hagnýtt til nokkurrar hlítar. Þá væri og rétt að gera um það áætlun að hagnýta þetta samræmda kerfi við þinglýsingar eigna og veðbókarfærslur, til flýtisauka og öryggis og samræmingar við fasteignaskrá og til þess jafnframt að auðvelda og hraða afgreiðslu veðbókarvottorða til hins almenna notanda.

Nánar verður fjallað um málið í framsögn.